

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1975.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Guðmundur Karl Jónsson.*

16. júlí 1975.

Nr. 354.

## G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Súðavíkur.

### 1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Súðavíkur skal greiða tengigjald kr. 5 000.00.

### 2. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mati mannvirkja og lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,15% af framangreindu mati. Lágmarksupphæð fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 000.00.

### Aukavatnsskattur.

### 3. gr.

Aukavatnsskatt skv. 2. gr. skal greiða fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, útgerðarstöðvar, frystihús, bifreiðapvottaplön, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

### 4. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 3.50 fyrir hvern teningsmetra vatns, sé vatn ekki selt eftir mæli skal greiða af fasteignamati húsa og lóða árlegan vatnsskatt 1,5%.

### 5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársléigan fyrir hvern mæli kr. 1 500.00.

### 6. gr.

Vatnsveitan ákveður verð og skilmála og aðra tilhögun um sölu vatns til skipa í samráði við hafnarnefnd.

### 7. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot en þau sem talin eru hér að framan skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

### 8. gr.

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 1455 stig en heimilt er hreppsnefnd að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu um allt að 50% öll eða hvert um sig, án staðfestingar ráðuneytisins.

**9. gr.**

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert og greiðist hann í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkv. 3. gr. fellur í gjaldldaga mánaðarlega við aflestur mælis. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjaldldaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

**10. gr.**

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnurekstrar síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

Nr. 355.

16. júlí 1975.

**REGLUGERÐ****um holræsi og holræsagjöld í Súðavíkurbreppi.****1. gr.**

Þar sem Súðavíkurbreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að götu) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir, ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

**2. gr.**

Hreppsnefnd annast öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, eða þeir menn, sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón. Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema með leyfi þessara aðila, og er skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir. Hreppsnefnd annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

**3. gr.**

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkv. ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða árlegt holræsagjald til hreppsins. Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati húsa og lóða samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 1 200.00 fyrir hverja gjaldskylda fasteign. Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu